

Fundargerð

Árið 2024, þriðjudaginn 3. desember kl. 10:00, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til rafræns fundar á Teams.

Fundinn sátu: Guðmundur Baldvin Guðmundsson formaður, nefndarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Dan Jens Brynjarsson, Hrund Pétursdóttir, Hörður Hilmarsson og Theódóra S. Þorsteinsdóttir ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Árna Sverri Hafsteinssyni og Sigrúnu Dögg Kvaran, sem ritaði fundargerð.

Forföll: Friðjón Einarsson boðaði forföll.

Gestur fundarins undir 2. lið frá innviðaráðuneytinu; Björn Ingi Ólafsson lögfræðingur á skrifstofu sveitarfélaga og byggðamála.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð

7. nóvember

Lögð var fram til samþykktar fundargerð frá 7. nóvember.

Fundargerð frá 7. nóvember samþykkt án athugasemda.

2. Dómur Hæstaréttar

Björn Ingi Óskarsson ræddi dóm Hæstaréttar sem kveðinn var upp þann 20. nóvember 2024. Niðurstaða dómsins er sú að íslenska ríkið var sýknað í máli sem Reykjavíkurborg höfðaði vegna framlaga úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til reksturs grunnskóla, almenn framlög vegna reksturs grunnskóla og vegna nemenda með íslensku sem annað tungumál (ÍSAT) á tímabilinu 2015-2019. Með niðurstöðu sinni sneri Hæstiréttur við niðurstöðu Héraðsdóms Reykjavíkur frá því fyrir tæpu ári síðan.

3. Greiðslu- og rekstraráætlun 2024

Lagt var fram til kynningar uppfærð greiðslu- og rekstraráætlun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2024. Áætlunin byggir á forsendum um áætlaðar skatttekjur ríkissjóðs á árinu 2024, endanlegum

útsvarsstofni sveitarfélaga á árinu 2023 vegna tekna úr ríkissjóði og áætluðum útsvarsstofni sveitarfélaga árið 2024 vegna framlaga sem tengjast yfirfærslu grunnskóla og fatlaðs fólks.

4. Reglur vegna sameininga

Viðmiðunarfjárhæðir

Lagt var fram til kynningar uppfærðar vinnureglur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um sérstök framlög til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga.

FATLAÐ FÓLK

5. Notendastýrð persónuleg aðstoð árið 2024

Tillaga að úthlutun 2024

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, dags. 27. nóvember 2024, um framlög vegna samninga sveitarfélaga við fatlað fólk um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA) á grundvelli reglugerðar sjóðsins um framlög vegna þjónustu við fatlað fólk nr. 192/2023, ásamt tillögu að úthlutun framlaganna.

Útreikningur framlaganna tekur mið af því að greiðsla fyrir hvern NPA samning í umsókn sveitarfélags/þjónustusvæði nemi 25% af upphæð viðkomandi samnings. Félagsmálaráðuneytið sér um söfnun upplýsinga og alla umsýslu.

Fyrir liggja umsóknir sveitarfélaga vegna NPA samninga vegna ársins 2024, bæði vegna endurnýjunar núgildandi samninga sem og vegna nýrra samninga. Sótt er um framlag vegna 123 samninga og nemur fjármagn til þess málaflokks frá ríkinu 1.290 m.kr. Fjármagn vegna NPA verkefnisins hjá Jöfnunarsjóði er 1.407,5 m.kr. Til samanburðar var veitt framlag árið 2023 vegna 97 samninga að fjárhæð 1.096 m.kr. Samningum fjölga um 26 milli ára.

Fram kom á fundinum að við undirritun samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um breytingu á fjármögnun þjónustu við fatlað fólk í desember 2023 hafi ein af forsendum fyrir hækkun framlaga í Jöfnunarsjóðs þann 1. janúar 2024 verið vegna fjármögnunar á NPA verkefninu.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja tillöguna um úthlutun framlaga vegna notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar fyrir árið 2024 að fjárhæð 1.407,5 m.kr. Nefndin gengur út frá því að ríkið fjármagni að fullu þátttöku ríkissjóðs í verkefninu.

6. Lengd viðvera grunn- og framhaldsskólanemenda

Tillaga að úthlutun 2024

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 27. nóvember 2024, varðandi lengda viðveru 2024.

Kostnaður vegna lengdrar viðveru fatlaðra grunnskólabarna í 5.-10. bekk og framhaldsskólanemenda fellur undir heildarfjárhagsramma vegna yfirfærslu á málefnum fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga. Greiðslurnar koma sem framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Fjármagn til ráðstöfunar nemur samtals 221.000.000 kr. á árinu 2024 og er gert ráð fyrir að 172.380.000 kr. komi til úthlutunar vegna lengdrar viðveru fatlaðra grunnskólanemenda og 48.620.000 kr. vegna lengdrar viðveru fatlaðra framhaldsskólanemenda.

Að umfjöllun lokinni ákvað nefndin að samþykkja framlagið.

7. Almenn framlög vegna fatlaðs fólks

Starfsmaður Jöfnunarsjóðs fór yfir útreikning, regluverk og reiknireglur almennra framlaga vegna málefna fatlaðs fólks á glærum. Að lokinni kynningu fór fram umræða um áskoranir og fyrirhugaðar breytingar á útreikningi framlaganna, m.a. með hliðsjón af þeim reglubreytingum sem fóru í gegn um Samráðsgátt stjórnvalda á haustmánuðum 2024. Meginefni breytinganna var að minnka vægi framlaga á svokölluðum kostnaðargrunni.

8. Fasteignasjóður

Framlög vegna aðgengismála

Akureyri

Tekin var til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn Akureyrarbæjar, dags. 19. nóvember 2024, þar sem óskað er eftir framlagi úr Fasteignasjóði vegna úrbóta í aðgengismálum. Sótt er um vegna framkvæmda við Eiðsvallagötu 34 og Vallartún 2. Úrbæturnar fólust í uppsetningu á lyftum til að gera húsnæðin aðgengileg fötluðu fólki. Samanlagður heildarkostnaður vegna framkvæmdanna er 39.395.300 kr.

Sótt er um á grundvelli a. liðar 3. gr. í reglugerð nr. 280/2021, um starfsemi Fasteignasjóðs jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í reglugerðinni er gert ráð fyrir að kostnaðarþátttaka Jöfnunarsjóðs nemi helmingi framkvæmdakostnaðar. Sé miðað við það myndi framlag Fasteignasjóðs nema 19.697.650 kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að samþykkja að veita framlag að fjárhæð 19.697.650 kr. vegna framkvæmdanna.

Múlaþing

Tekin var til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn Múlaþings, dags. 21. nóvember 2024, þar sem óskað er eftir framlagi úr Fasteignasjóði vegna úrbóta í aðgengismálum. Sótt er um vegna framkvæmda við uppsetningu á lyftu í félagsheimilinu Fjarðaborg, Borgafirði eystri. Samanlagður heildarkostnaður vegna framkvæmdanna er 36.550.000 kr.

Sótt er um á grundvelli a. liðar 3. gr. í reglugerð nr. 280/2021, um starfsemi Fasteignasjóðs jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í vinnureglum um úthlutun framlaga á grundvelli 3. greinar reglugerðar nr. 280/2021 er miðað við að heildarframlög til austurlands 2023-2024 geti numið 14.336.013 kr. Framlög vegna úrbóta í aðgengismálum eru veitt á grundvelli 3. gr. reglna 280/2021. Þar er gert ráð fyrir að kostnaðarþátttaka Jöfnunarsjóðs nemi helmingi framkvæmdakostnaðar. Framlag Fasteignasjóðs myndi því nema hámarksframlagi að fjárhæð 14.336.013 kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að samþykkja að veita hámarksframlag að fjárhæð 14.336.013 kr. vegna framkvæmdanna.

Reykjavíkurborg

Tekin var til umfjöllunar og afgreiðslu umsókn Reykjavíkurborgar, dags. 28. nóvember 2024, þar sem óskað er eftir framlagi úr Fasteignasjóði vegna úrbóta í aðgengismálum. Sótt er um vegna framkvæmda við Fellaskóla og Hamraskóla. Úrbæturnar fólust m.a. í uppsetningu á rampi, bætt aðgengi að svæði frístundar, bætt aðgengi að salerni og að íþróttahúsi. Samanlagður heildarkostnaður vegna framkvæmdanna er 21.585.449 kr.

Sótt er um á grundvelli a. liðar 3. gr. í reglugerð nr. 280/2021, um starfsemi Fasteignasjóðs jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Í reglugerðinni er gert ráð fyrir að kostnaðarþátttaka Jöfnunarsjóðs nemi helmingi framkvæmdakostnaðar. Sé miðað við það myndi framlag Fasteignasjóðs nema 10.792.725 kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að samþykkja að veita framlag að fjárhæð 10.792.725 kr. vegna framkvæmdanna.

Andrastaðir

Tekin voru til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Reykjavíkurborgar, dags. 31. október 2024, vegna umsóknar Embla ses., dags. 2. ágúst 2024, varðandi uppbyggingu handverkshúss Emblu ses. Andrastaðir á Kjalarnesi.

Andrastaðir eru byggðir með lánum og stofnframlögum frá HMS og voru opnaðir í janúar 2023. Þar búa einstaklingar tímabundið í tvö til þrjú ár og þurfa mikla aðstoð til að ná áttum og fóta sig í samfélaginu. Í íbúðunum hafa einstaklingarnir möguleika til að skapa sér heimili og fá til þess aðstoð starfsfólks. Jafnframt fer fram vinnuþjálfun á staðnum til að reyna að fyrirbyggja varanlega örorku og efla getu einstaklinganna til að takast á við launuð störf á vinnumarkaðinum.

Í erindi Reykjavíkurborgar kemur fram að á Andrastaðum búa einstaklingar sem fá stuðning á grundvelli laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Velferðarsvið Reykjavíkurborgar hefur á umliðnum árum verið með samning um 2 til 3 rými á staðnum auk þjónustu.

Embla ses. hefur keypt tilbúin hús sem sett hafa verið á grunn við Andrastaði. Húsin eru einföld í uppsetningu og auðvelt að bæta við ef þurfa þykir. Samanlagður áætlaður heildarkostnaður vegna framkvæmdanna er 51.397.449 kr.

Sótt er um framlagið á grundvelli e. liðar 2. gr. í reglugerð nr. 280/2021, um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Þar er gert ráð fyrir 25% kostnaðarþátttöku Jöfnunarsjóðs. Sé miðað við það myndi framlag Fasteignasjóðs nema kr. 12.849.362 kr.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að samþykkja að veita framlag að fjárhæð 12.849.362 kr. vegna framkvæmdanna.

Átak í aðgengismálum fatlaðs fólks – framlenging verkefnisins 2025/2026

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu minnisblað starfsmanns Jöfnunarsjóðs, dags. 26. nóvember 2024, varðandi framlengingu átaks í úrbótum vegna aðgengismála fyrir fatlað fólk.

Upphaflegu verkefni var ýtt úr vör í mars 2021, til úthlutunar þá voru 362 m.kr. Verkefnið var framlengt fyrir árin 2022/2023 og til úthlutunar voru 415 m.kr. Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs hefur heimild til þess að úthluta sérstökum framlögum sem nema 50% af heildarkostnaði tiltekinna framkvæmda sem lúta að eftirtöldum verkefnum:

- A. Úrbætur á aðgengi fatlaðs fólks að byggingum í eigu sveitarfélaga eða þar sem um er að ræða byggingar í eigu annarra aðila en sveitarfélaga þar sem um samvinnuverkefni sveitarfélaga og einkaaðila er að ræða.
- B. Úrbætur þannig að biðstöðvar almenningssamgangna séu aðgengilegar öllu fötluðu fólki, svo og útivistarsvæði og almenningsgarðar.
- C. Úrbætur sem lúta að viðeigandi aðlögun á vinnustöðum fatlaðs fólks, sem starfræktir eru skv. 2. mgr. 24. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018.

Framlög vegna átaks í aðgengismálum fatlaðs fólks eru sveitarfélögunum mikilvæg. Átak þetta tekur enda 31. desember 2024 en þá verður búið að ráðstafa rúmlega 99 m.kr. af þeim 415 m.kr. sem lagt var upp með en þá eru talin með tillögur að framlögum sem lögð voru fram í dag. Tekið skal fram að enn eiga nokkur sveitarfélög eftir að skila inn umsóknum fyrir yfirstandandi tímabil.

Lagt er til að átaki í úrbótum á aðgengismálum fyrir fatlað fólk verði framlengt til áruna 2025 og 2026. Upprunaleg upphæð átaksins hefur verið framreiknuð á grundvelli vísitölu neysluverðs, en það er að fjárhæð 464 m.kr. Því er lagt er til að Fasteignasjóði verði heimilt að úthluta samtals 464 m.kr. í framlög vegna úrbóta á aðgengismálum á árunum 2025 og 2026.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja framhald átaks í úrbótum á aðgengismálum fyrir fatlað fólk og að Fasteignasjóði verði heimilt að úthluta framlögum að fjárhæð 464 m.kr. vegna átaksins á árunum 2025 og 2026.

Önnur mál voru ekki tekin fyrir og fundi slitið kl. 12:12.

Guðmundur Baldvin Guðmundsson

Ásta Stefánsdóttir

Hrund Pétursdóttir

Dan Jens Brynjarsson

Hörður Hilmarsson

Friðjón Einarsson

Theódóra S. Þorsteinsdóttir